



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

SENDER



Miðlægt viðbragð við áhættuhegðun barna og unglinga í Breiðholti

Birgir Lúðvíksson

Skóla- og frístundadeild Breiðholts/Frístundamiðstöðin Miðberg/Grunnskólarnir í

Breiðholti/Þjónustumiðstöð Breiðholts/Keðjan

Skólaárið 2020-2021



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	3
3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	6
4. Mat á verkefninu	7
5. Greinargerð um notkun styrkfjár	7
6. Kynning	8
Heimildir	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Fylgiskjöl	9

ATH.

- Skila þarf skýrslu í tölvupósti á sfs@reykjavik.is
- Skýrslur vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna eru [birtar á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar](#)

Inngangur

SETER er miðlægt viðbragð við áhættu hegðun barna og unglinga í Breiðholti. Úrræðið er samvinnuverkefni lykilstofnana í hverfinu sem bregst hratt við áhættu hegðun og hegðunarvanda. Teymi er myndað utan um hvert mál fyrir sig, með ábyrgðaraðila frá skóla, þjónustumiðstöð og frístundamiðstöð. Einnig er önnur sérfræðiþekking kölluð inn í teymið í þeim málum sem við á. SETER byggir á hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun þar sem lagt er upp með persónulegan stuðning við barn eða ungling með virkri þátttöku þess í lausn vandans.

Markmiðum verkefnis má skipta í innri og ytri markmið. Innri markmið teljast til grunnhugmyndar að tilkomu SETER og eru aðalmarkmið, þau sem verkefnið lagði upp með:

1. Efla faglegt samstarf hagsmunaaðila
2. Mæta flóknum og margþættum vanda;
 - a. á skjótan, skilvirkan og faglegan hátt
 - b. með markvissri þverfaglegri þjónustu
 - c. færa þjónustu stofnana í nærumhverfi skjólstæðings
3. Minnka álag innan skóla og félagsmiðstöðva í bráðamálum með snemmtækri íhlutun

Ytri markmið eru þau sem ná til hagsmunaaðila og vilja til að auka samstarf lykilstofnana hverfisins. Þessi markmið flokkast sem viðbótarmarkmið verkefnis:


4. Leggja grunn að virku samstarfi við frístundaeiningar í Breiðholti.
5. Leggja grunn að samstarfi við úrræði, frístundir og íþróttastarf í hverfinu.
6. Leggja grunn að samstarfi við framhaldsskóla og önnur sjálfstæð úrræði.



Mynd 1: Markmiðasetning SENTER


2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Hugmyndin að SENTER varð til í samræðum starfsmanna ýmissa stofnana í Breiðholti og áhyggjum þeirra af úrræðaleysi vegna bráðavanda barna og unglunga. Sú grundvallarspurning sem leitað var svara við snerist um það hvernig mögulegt væri að bregðast við áhættu hegðun og hegðunarvanda barna og unglunga á samræmdan og markvissan hátt. Fjölmörg dæmi eru um að ekki hafi tekist að bregðast hratt við bráðamálum og fyrirbyggja þannig frekari vanda, til dæmis vegna úrræðaleysis og/eða skorts á þverfaglegri samvinnu. Í SENTER skuldbinda allir aðilar sig að því að koma saman og bregðast hratt við í þverfaglegu samstarfi.



Mynd 2: SENTER Samstarfsaðilar

SETER kemur til móts við þarfir barna og unglunga í nærumhverfi og getur inngripið farið fram innan og utan skóla/frístundamiðstöðvar. Leitast er við að rækta persónuleika, styrkja hæfileika og bera kennsl á styrkleika barns með því að styðja það í þeim erfiðleikum sem það glímur við. Unnið er eftir fyrir fram ákveðnum verkferli í SENTER (sjá mynd 3) þar sem lagt er upp með faglega nálgun í skipulagi og framkvæmd, ábyrgð er deilt milli starfsmanna stofnana en utanumhald er í höndum teymis- og verkefnisstjóra.




Mynd 3: Verkferill SENTER

Með því að formgera verkferil er tryggt að öll mál sem koma inn á borð SENTER fái sömu meðhöndlun. Samhliða verkferli er máli stýrt af teymisstjóra í nánú samstarfi

við barn eða ungling. Dagskrá, markmið og verkefni taka mið af áhugamálum, styrkleikum og/eða þörfum hvers og eins. Hvert mál er þannig í eðli sínu mismunandi en byggt upp á sömu stefnumótun og hugmyndarfræði.

SETER mætir flóknum og margþættum vanda barna og unglinga á skjótan, skilvirkkan og faglegan hátt, með markvissri þverfaglegri þjónustu stofnana í Breiðholti. Með því að efla faglegt samstarf stofnana sem veita börnum og unglingum þjónustu myndast hefð fyrir viðbragðsflýti, samtali og samvinnu í bráðamálum. Áskoranir líkt og óæskileg hópamyndum, hópslagsmál og önnur bráðamál einstaklinga og/eða hópa er mætt með nýju úrræði sem vinnur þvert á stofnanir, boðleiðir styttest, viðbragð hefst fyrr og samstarf eykst.

Eftir samráðsfundi þar sem þörfin fyrir miðlægt viðbragð stofnana í bráðamálum var til umræðu, ásamt tilkomu Betri borgar fyrir börn, var ákveðið að þróa sameiginlegt úrræði. Skipaður var framkvæmdarhópur sem lagði grunn að úrræðinu. Teymisstjóri var ráðinn í nóvember 2020 og úrræðið þróað og útfært það sem eftir lifði árs. Í janúar 2021 tók SENTER formlega til starfa.



Mynd 4: Tímalína SENTER

Þegar hefðbundin úrræði í skóla- eða frístundastarfi eru fullreynd er umsókn send í SENTER. Forsendur samþykkis eru að vandinn hafi veruleg áhrif á skóla- eða frístundastarf og að hefðbundin úrræði í skóla eða frístund hafi ekki skilað árangri. Teymi er myndað þegar umsókn berst. Í teyminu sitja teymisstjóri, verkefnastjóri, ráðgjafarþroskajálfi, ásamt fulltrúa skóla og frístundamiðstöðvar og hafa allir teymismeðlimir ákveðið hlutverk. Umsóknir berast skriflega eða með samtali umsóknaraðila við teymisstjóra eða verkefnisstjóra SENTER. Eftir að umsókn berst fer af stað ákveðinn verkferill sem er eins í öllum málum. Verkferill inniheldur þarfagreiningu, upphafsfund, stöðufund og lokafund. Á mynd 3 má sjá verkferilinn.



Mynd 5: Verkaskipting innan SENTER

Samhliða verkferli fer fram einstaklingsmiðuð vinna með barni eða unglingi og fjölskyldu. Vinnan grundvallast á áhugasviði og styrkleikum barnsins ásamt þarfagreiningu. Barn eða unglingur setja sér markmið í samvinnu við teymisstjóra. Í vinnu með barni eða unglingi er lögð áhersla á nána samvinnu með samstarfsaðilum í hverfi. Öll vinna er unnin með samþykki barns/unglings og foreldrum.

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

Að mati stjórnenda í hverfinu hefur SENTER reynst vel. Samstarf stofnana hefur aukist, boðleiðir hafa styst og ýmis minni mál hafa verið leyst á skemmri tíma en áður. Enn eru atriði sem slípa þarf til en talið er að úrræðið hafi brugðist vel við bráðamálum. Úrræðið er sveigjanlegt og er gert ráð fyrir að bregðast hratt við breyttum aðstæðum og aðlaga þarfagreiningu með skömmum fyrirvara. Á starfstíma SENTER hefur komið í

ljós að svigrúm er til snertingar starfsmanna SETER við minna aðkallandi mál en bráðamála, eins og vanda hópa/bekkjardeilda. Verkefnastjóri og teymisstjóri sammælast um að mikilvægt sé að þau mál sem samþykkt eru af SETER fái tímastimpil sem gefur til kynna inngripstíma, unnið er með þrjá mismunandi stimpla á skólaárinu 2021-2022, 3, 5 og 8 vikur.

4. Mat á verkefninu

Mat verkefnis fer fram með matslitum sem lagir eru fyrir forráðamenn og barn í upphafi og í enda úrræðis. Einnig leggur SETER fyrir matsblað til allra þeirra sem koma að hverju máli fyrir sig. Matslistar og matsblað er byggt upp á aðferðarfræðilegum grunni, borið undir og aðlagð að endurgjöf frá Bergljótu Gyðu Guðmundsdóttur Dósent við Háskóla Íslands.

5. Greinargerð um notkun styrkfjár

		Gr.skrifstofa	Miðberg	Styrkur				
	Heildarlaun	Laun	Laun		Sími/vpn	Tölva	Akstur	Heild
des	710.794							
jan	734.368							
feb	739.977							
mar	760.935							
apr	732.152							
maí	774.604							
jún	745.331							
júl	736.783							
ágú	745.331							
sep	738.493							
Laun	7.418.768	1.674.940	1.674.940	4.000.000	5.708	46.741	16.439	7.418.768
	Laun	7.418.768						
	Annað	68.888						
	Heild	<u>7.487.656</u>						

- Hvernig var styrknum ráðstafað? (Vinnuframlag, launagreiðslur, annar kostnaður, o.fl. sé sundurliðað)

6. Kynning



Verkefnið hefur verið kynnt í hverfi, á samstarfsdögum og reglulegum fundum stjórnenda. Þá hafa farið fram kynningar fyrir miðlæga skrifstofu grunnskólamála og starfsmenn þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Áætlaðar eru frekari kynningar utan Breiðholts á næsta skólaári. Við upphaf og umsókn í SENTER fá aðilar máls sent upplýsingablað sem útlistar verkáttum SENTER.

Við lok verkefnis, desember 2021, verður gefin út handbók sem byggir á lausnum sem þróuð hafa verið í SENTER: Handbókin mun nýtast þeim sem vilja setja upp sambærilegt úrræði í öðrum borgarhlutum.

Fylgiskjöl

SETER

Miðlægt úrræði lykilstofnana í málefnum barna í Breiðholti. Úrræðið tekur á bráðamálum og fjölþættum vanda barna í hverfinu, með snemmtækri íhlutun og persónulegri nálgun að leiðarljósi.



Teymi fyrir hvert mál

SETER myndar teymi utan um hvert mál fyrir sig. Teymisstjóri, verkefnastjóri, þroskajálfi, ábyrgðaraðili frá grunnskóla og frá félagsmiðstöð sitja ávallt í teyminu.

SETER kallar inn aðra tengilið svo sem þjálfara, tengiliði við önnur úrræði, stofnanir eða samtök, fer eftir áhugasviði barns eða stöðu málsins.


Náin samvinna með barni

Í SENTER ákveður barn þau markmið sem það vill vinna að. Teymisstjóri er fyrst og fremst stuðningsaðili barns í gegnum inngripid og aðstoðar það að ná markmiðum sínum og taka á vandanum. Áhersla er lögð á að tengja barn við uppbyggjandi tótmunda- og frístundastarf eða að barn beri kennsl á styrkleika sína og vinni með þá.

Formlegt verklag flæðandi inngrip

SETER verklagið tryggir þverfagleg gæði í öllum málum. Hvert mál gengur í gegnum sama verkferil þrátt fyrir að inngripid sjálft sé mismunandi milli mála.

Þarfagreining máls greinir markmiðin og stefnuna, fundir hagsmunaaðila tryggir ásættanlega dreifingu verkefna og ábyrgðar.



Nánari upplýsingar:

Birgir Lúðvíksson Teymisstjóri

birgir.ludviksson@rvkfri.is

SETER



SETER leggur kapp á framþróun. Við viljum endilega heyra upplifun þína á SETER.

Nafn foreldris/forráðamanns:

Sími:

Netfang:

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Ég mæli með SETER sem úrræði	☐	☐	☐	☐	☐
SETER veitir persónulega nálgun og styður við barn	☐	☐	☐	☐	☐
SETER bregst skjótt við	☐	☐	☐	☐	☐
SETER vinnur markvisst að því að leysa vanda barns míns	☐	☐	☐	☐	☐
SETER er faglegt úrræði	☐	☐	☐	☐	☐
SETER aðlagar sig að þörfum barns og fjölskyldu	☐	☐	☐	☐	☐
Á heildina litið var SETER gagnlegt fyrir mitt barn	☐	☐	☐	☐	☐
Ég hef tekið eftir jákvæðum breytingum í fari barns míns eftir SETER	☐	☐	☐	☐	☐
Ég hef tekið eftir neikvæðum breytingum í fari barns míns eftir SETER.	☐	☐	☐	☐	☐

Hvað gekk vel í SETER?

Hvað hefði betur mátt fara í SETER?

Umsögn: